



## FUNDARGERÐ

**213. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs  
haldinn Fjarfundur í gegnum ZOOM , 27. október 2020  
og hófst hann kl. 13:00.**

### **Fundinn sátu:**

Ágúst Sigurðsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Rafn Bergsson, Lilja Einarsdóttir, Valtýr Valtýsson, Ómar Sigurðsson og Hulda Karlsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Hulda Karlsdóttir, Fundarritari.

### **Dagskrá:**

#### **1. Rekstraryfirlit 2020 - Sorpstöð Rangárvallasýslu bs - 2004012**

*Rekstraryfirlit jan-sep 2020*

Rekstraryfirlit frá janúar til september 2020 lagt fram til kynningar.

#### **2. Rekstraráætlun Sorpstöð 2021 - 2010002**

*Drög að rekstraráætlun 2021 lögð fram.*

Farið yfir drög að rekstraráætlun fyrir árið 2021. Rætt um fyrirhuguð fjárfestingaverkefni sem og einstök atriði áætlunarinnar. Framkvæmdastjóra falið að leggja fram rekstraráætlun 2021, í samræmi við umræður fundarins, á næsta fundi stjórnar. Samþykkt samhljóða.

#### **3. Brennsluofn fyrir dýrahæ og aðrar dýraleifar - 1901058**

*Staða mála*

Stefán Gíslason hjá UMÍS ehf. Environice og Jón Sæmundsson hjá Verkís hafa verið í sambandi við framleiðanda brennsluofnsins og safnað saman upplýsingum um hvernig best verði staðið að uppsetningu hans og fylgibúnaði.

Drög að frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum vegna uppsetningu brennsluofns fyrir dýraleifar á Strönd var send Skipulagsstofnun 16.10.2020. Lagt fram til kynningar.


#### **4. Gjaldskrá Sorpstöð 2020 - 1911019**

*Erindi frá Sláturfélagi Suðurlands hf. og Reykjagarði hf.*

Tekið er fyrir erindi frá SS og Reykjagarði þar sem óskað er eftir rökstuðningi á gjaldsskrárhækkun vegna móttöku á sláturúrgangi og dýraleifum. Formanni stjórnar falið að svara erindinu í samræmi við minnisblað sem lagt var fram á fundinum. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin yfirlesin og staðfest með tölvupósti strax að fundi loknum.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:45.**



Agúst Sigurðsson

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Rafn Bergsson